

Ed.

389. Frumvarp til laga

[16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,

ammoníum-nitrats,

ammoníum-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenska jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

5. gr.

Verksmiðjan skal reist svo fljótt sem ástæður leyfa að dómi verksmiðjustjórnar og með samþykki landbúnaðarráðherra, enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz

ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

- a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
- b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.